

Mál nr. 356/2016
M og
V1 v. örorkutryggingar

Starfsmaður sem var að skúra gólf rann til og slasaðist þ. 23.12.2012.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 28.10.2016 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. ...

Málsatvik.

M segist hafa verið að skúra gólf á vinnustað sínum þegar hún rann til á sleipu gólfinu og hægri öxl hennar hefði lent á borði í fallinu og við fallið hafi hún slasast. M krefst bóta úr örorkutryggingu sinni hjá V og telur örorku sína 25% eða meiri þannig að hún eigi rétt á bótum úr tryggingunni. Í því sambandi vísar M til örorkumatsgerðar læknis dags. 27.5.2014 sem telur örorku M hæfilega metna 25%. Þá vísar M einnig til endurupptekins örorkumats yfirtryggingalæknis dags. 2.6.2016 þar sem komist er að sömu niðurstöðu þ.e. 25% varanleg örorka. V hafnar bótaskyldu og vísar í mat læknis dags. 15.1.2016 þar sem varanleg örorka M er metin 10% og vísar til greinar 7.1 í vátryggingarskilmálum þar sem segir að ekki séu greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna afleiðinga slyss ef örorkustigið er metið minna en 25%. Þá vísar V til þess að í örorkumati yfirtryggingarlæknis sem vísað sé til af hálfu M sé læknisfræðileg örorka einnig metin vegna atvinnusjúkdóma sem séu að hrjá M á sama svæði og því sem varð fyrir áverka við slysið þ.23.12.2012 og því sé ekki hægt að bera saman mat læknanna.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn þar sem örorka M er metin með mismunandi hætti. Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur M ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að varanleg læknisfræðileg örorka hennar sé a.m.k. 25% vegna slyssins, en tjónið verður að ná þeirri hlutfallstölu örorku til að það sé bótaskyldt skv. vátryggingaskilmálum aðila sbr. grein 7.1 í vátryggingaskilmálum. M á því ekki rétt á bótum úr örorkutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr örorkutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 5.12.2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.